

## Gjaldþrot og virkni fyrirtækja - tt

### Lýsigögn

Heimildir eru fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands sem og upplýsingar um gjaldþrotabeiðni, staðgreiðslugögn og virðisaukaskattsgögn frá Skattinum. Atvinnugreinaflokkun er skv. ÍSAT2008 og byggir á fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands til hagtölugerðar.

Launagreiðendur eru flokkaðir eftir aðalatvinnugrein þeirra og launþegar eru flokkaðir eftir aðalatvinnugrein launagreiðenda. Velta fyrirtækja er flokkuð eftir aðalatvinnugrein þeirra samkvæmt ÍSAT2008. Flest fyrirtæki falla innan skilgreiningar einnar atvinnugreinar samkvæmt ÍSAT2008-staðlinum en sum stærri fyrirtæki eru í fleiri en einni atvinnustarfsemi. Í þeim tilvikum ræður sú atvinnugrein sem færir fyrirtækinu hærri rekstrartekjur.

Skilgreiningar atvinnugreinabálkanna *F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð* og *G Heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum* eru skv. ÍSAT2008. Skilgreining atvinnugreinaflokksins *Einkennandi greinar ferðapjónustu* er skv. skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat). Þær atvinnugreinar sem heyra undir þann flokk eru:

- Farþegaflutningar á landi (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939)
- Farþegaflutningar á sjó og á skipgengum vatnaleiðum (ÍSAT nr. 501, 503)
- Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)
- Hótel og gistiheimili; orlofsdvalarstaðir; tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi (ÍSAT nr. 551-553)
- Veitingastaðir, krár, kaffihús, dansstaðir o.þ.h. (ÍSAT nr. 561, 563)
- Leiga á vélknúnum ökutækjum; leiga á tómsunda- og íþróttavörum (ÍSAT nr. 771, 7721)
- Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta (ÍSAT nr. 79)

ÍSAT2008 er íslensk atvinnugreinaflokkun sem byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE rev. 2, sem gildir í öllum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. ÍSAT2008 er fimm stafa flokkunarkerfi og eru fyrstu fjórir stafirnir eins og í NACE rev. 2. Nákvæma lýsingu á einstökum flokkum má finna á <https://www.hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=54698>.

Frekari upplýsingar um launagreiðendur, launþega og veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum má finna í [Lýsigögnum Hagstofu Íslands um fjölda launagreiðenda og launþega](#) og [í Lýsigögnum um veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum](#). Ítarlegar upplýsingar um virðisaukaskatt má finna á heimasíðu Skattsins.